

Persónuverndarstefna

Umsækjendur og starfsfólk Flügger ehf.

Okkur, sem ábyrgðaraðilum, er afar umhugað um persónuvernd. Við verjum þær persónuupplýsingar sem við vinnum með og göngum úr skugga um að við hlítum hinum íslensku persónuverndarlöggjöf.

Við veitum þeim einstaklingum sem við vinnum með persónuupplýsingar um ('hinum skráðu') upplýsingar um vinnsluna og um réttindi þeirra.

Þessi persónuverndarstefna lýsir vinnslu okkar á persónuupplýsingum um starfsumsækjendur og starfsfólk okkar.

Hver erum við – og hvernig má ná sambandi við okkur

Heiti og samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðilans:

Flügger ehf
Stórhöfða 44
IS-110 Reykjavík
kt. 560801-2970
Sími: +45 70 15 15 05
Netfang: (legal@flugger.com), (gdpr@flugger.com)
Veffang: www.flugger.com

Samskipti vegna persónuverndarmála:

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum skaltu ekki hika við að hfa samband við lögfræðideild okkar með því að nota samskiptaupplýsingarnar hér að ofan.

Vinnsla okkar á persónuupplýsingum

Tegundir persónuupplýsinga

Þær persónuupplýsingar sem við vinnum um þig kunna að innihalda:

Upplýsingar um umsækjendur

Þegar þú sækir um starf hjá Flügger og meðan þú ert í starfi hjá Flügger söfnum við og vinnum með eftirtaldar tegundir persónuupplýsinga um þig:

- Almennar upplýsingar, þar á meðal
 - auðkenni þín og samskiptaupplýsingar, þar á meðal heimilisfang, símanúmer og netfang
 - náms- og starfsferilsupplýsingar og aðrar upplýsingar af ferilskrá þinni
 - aldur, kyn, í hvaða ríki þú starfar, deild, starfstíll, launaflokkur
 - upplýsinga aflað frá meðmælendum
 - upplýsingar um árangur á prófum sem þú hefur tekið – í tengslum við ráðningar á stjórnendum og í teymi þar sem leitað er eftir sérstakri þekkingu eða hæfileikum
 - aðrar persónuupplýsingar úr samskiptum þínum við okkur
- Kennitala
 - Þegar þú ert umsækjandi kann að vera að við vinnum með kennitölu þína ef þú hefur veitt samþykki þitt fyrir því og slík vinnsla þjónar málefnalegum og sérgreindum tilgangi – t.d. í tengslum við ráðningarferilinn eða þegar kennitala þín kemur fram á sakavottorði sem þú afhendir okkur.
- Sakaskráupplýsingar
 - Ef þú ert að sækja um stöðu sem gerðar eru sérstakar kröfur til um könnun sakavottorðs þá munum við – í lok ráðningarferils – fara fram á það við þig að þú aflir og afhendir okkur sakavottorð þitt. Meðan á starfssambandi stendur kann að vera að við óskum eftir að starfsmaður aflir og afhendi okkur nýtt sakavottorð ef nauðsyn krefur. Við munum jafnhilða óska eftir ótvíræðu samþykki þínu fyrir að fá að sjá og ef til vill geyma sakavottorðið.

Upplýsingar um starfsfólk og fyrrverandi starfsfólk

Ef þú ert eða hefur verið starfsmaður FLÜGGER þá söfnum við og vinnum meðeftirtaldir upplýsingar um þig til viðbótar þeim sem taldir eru upp hér að framan:

- Almennar upplýsingar þar á meðal
 - launa-, banka-, skatta- og lífeyrissjóðsupplýsingar
 - frammistöðuupplýsingar
 - orlofsupplýsingar, upplýsingar um veikindaförföll og aðra fjarveru
 - upplýsingar um tölvur og síma sem FLÜGGER leggur þér til vegna vinnu þinnar
 - upplýsingar um skyldmenni
 - upplýsingar um tölvupósts- og netnotkun samkvæmt sérstakri stefnu
 - upplýsingar um síma/farsímanotkun samkvæmt sérstakri stefnu
 - hverjar þær upplýsingar sem eru móttæknar á grundvelli uppljóstraraverkefnis FLÜGGER A/S samstæðunnar
 - upplýsingar um starfslok, þar á meðal um uppsögn eða brottrekstur
- Kennitala
 - Á meðan þú ert í starfi hjá FLÜGGER vinnum við með kennitölu þína til að geta auðkennt þig vegna útgreiðslu launa o.þ.u.l. og vegna lagakrafna um skil á opinberum gjöldum.

- Viðkvæmar persónuupplýsingar
 - Stéttarfélagsupplýsingar í tengslum við hvers kyns ágreining þar sem það á við
 - Heilsufarsupplýsingar (slys við störf, veikindafjarvistir, þ.m.t. vottorð um færni til að snúa aftur til starfa og veikindavottorð, upplýsingar í tengslum við fæðingarorlof, upplýsingar um sveigjanlegan vinnutíma eða starfsaðstæður af heilsufarssökum eða vegna fötlunar)
- Sakaskrárupplýsingar
 - Upplýsingar um afbrot sem tilkynnt eru í uppljóstraraverkefni Flügger A/S samstæðunnar

Tilgangur og vinnsluheimild

Upplýsingavinnsla okkar þjónar eftirtöldum tilgangi:

- Starfsmannastjórnun, þar á meðal úrlausn starfsmannamála sem kunna að koma upp. Stjórnunin far fram á grundvelli gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla, kjarasamninga, starfsstöðvarsamninga og ráðningarsamninga.
- Tölfræðilegur tilgangur.

Lagagrundvöllur upplýsingavinnslu okkar er eftirtalinn:

- Lögmætisgrundvöllur vinnslu sem tekur til kennitölu þinnar er – fram að ráðningu – ótvírætt samþykki þitt skv. 1. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Á meðan á starfssambandi stendur er vinnsluheimildin vegna kennitölu þinnar ákvæði skatta-, bókhalds-, lífeyrissjóða- og orlofslaga, sbr. 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.
- Heilbrigðisupplýsingar eru unnar á grundvelli fyrirmæla í lögum og því er vinnsluheimildin þar einnig 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Til dæmis byggir vinnsla heilsufarsupplýsinga um tilteknar starfstegundir á lagaákvæðum sem gilda um viðkomandi tegundir starfa.
- Öll vinnsa sakaskrárupplýsinga úr sakavottorðum eru unnar á grundvelli ótvíræðs samþykkis þíns, sbr. 1. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Lögmætisgrundvöllur allrar vinnslu upplýsinga um árangur í prófum sem þú tekur er einnig ótvírætt samþykki þitt, sbr. 1. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

- Þegar við vinnum með persónuupplýsingar í samræmi við bókhaldslög eða skattalög þá er lögmætisgrundvöllur slíkrar vinnslu 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga, þar sem kveðið er á um að vinnsla sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.
- Vinnsluheimild persónuupplýsinga um tölvupósts- og netnotkun eru lögmætir hagsmunir sem vega þyngra en persónuverndarhagsmunir hinna skráðu, sbr. 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Þeir lögmætu hagsmunir sem kunna að vega svo þungt að kalli á skoðun á þessum persónuupplýsingum eru hagsmunir af því að tryggja öruggan rekstur upplýsingakerfa ábyrgðaraðila.
- Lögmætisgrundvöllur vinnslu upplýsinga um símanotkun starfsmanna, þar á meðal notkun farsíma, er að vinnslan sé lauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, þ.m.t. skyldu skv. bókhaldsreglum til að tryggja að símar sem lagðir eru starfsmönnum til séu ekki nýttir í öðrum tilgangi en vegna starfa þeirra.
- Vinnsla annarra persónuupplýsinga um umsækjendur eða í starfssamningssambandi við starfsmenn byggir á vinnsluheimild skv. 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga, þ.e. vinnslan er nauðsynleg til að efna samning við hinn skráða eða til að gera ráðstafanir áður en hann er gerður.
- Um miðlun umræddra persónuupplýsinga fer eftir ákvæðum persónuverndarlaga og annarra laga. Sérhver slík miðlun mun einungis fara fram að undangengnu mati okkar á hver sé vinnsluheimild fyrir slíkri miðlun, svo sem hvort þörf sé á upplýstu samþykki eða hvort lagaheimild eða -skylda veiti vinnslunni lögmætisgrundvöll.
- Tölfræðilegur tilgangur: Einnig er unnið með upplýsingar um laun, fjarvistir o.fl. til að ná fram ýmiss konar tölfræðilegum niðurstöðum, þar á meðal um fjarvistir vegna veikinda þar sem skoðaðar eru upplýsingar um hópa starfsmanna til að öðlast yfirsýn. Lögmætisgrundvöll fyrir vinnslu sem fer eingöngu fram í tölfræðitilgangi er að finna í fyrri hluta 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga, sem veitir heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Einungis er unnið með upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi viðfangsefnis tölfræðirannsóknarinnar og þær eru ekki notaðar í öðrum tilgangi en tölfræðilegum.
- Persónuupplýsingar um umsækjendur og starfsfólk eru ekki fluttar til þriðju landa nema fyrir liggi afdráttarlaust samþykki hins skráða fyrir slíku.

Flokkar viðtakenda

Við miðlum persónuupplýsingum um umsækjendur og starfsfólk til þessara tegunda af viðtakendum:

- Skattyfirvöld og önnur yfirvöld vegna ýmiss konar tilkynningarskyldu
- Bankar vegna útgreiðslu launa
- Lífeyrissjóðir vegna lífeyrisgreiðslna og -réttinda
- Sjóðir, svo sem starfsþórunar-, styrktar- og bótasjóðir og verkalýðsfélög í rengslum við réttindi starfsfólks, svo sem til símenntunar og endurgreiðslu ýmiss kostnaðar
- Ytri ráðgjafa, lögmanna okkar o.þ.u.l.
- Viðskiptavinir og samstarfsaðilar Flügger sem þú sérð um að veita þjónustu fá persónuupplýsingar um þig, svo sem nafn þitt, starfstíð og upplýsingar um hlutverk varðandi það viðfangsefni sem um ræðir.
- Vinnsluaðilar okkar á grundvelli vinnslusamninga.

Eyðing

Við eyðum persónuupplýsingum um þig þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Ef þú, sem umsækjandi, hlaust ekki starf sem þú sóttir um hjá Flügger munum við geyma umsókn þína og aðrar tengdar persónuupplýsingar í framangreindum tilgangi en þó verður upplýsingum um umsóknina eytt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að umsóknarfrestur um viðkomandi starf rann út.

Flügger fer að kröfum bókhaldslaga um vistunartíma bókhaldsgagna. Öðrum upplýsingum um þig eyðum við að fimm árum liðnum frá lokum þess árs þegar uppsögn tók gildi. Vistun fram að því tímamarki fer fram í þeim tilgangi að tryggja rétta meðferð mála tengdum starfstímanum eða starfslokum og til að standa við skyldur okkar tengdar starfssambandinu.

Réttindi þín

Þú nýtur ýmiss konar réttinda að lögum í tengslum við vinnslu okkar á persónuupplýsingum um þig.

Ef þú vilt nýta réttindi þín skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur. Sjá samskiptaupplýsingar okkar í upphafi þessa skjals.

Ef þú vilt aðgang að upplýsingum um þig, breyta þeim eða eyða, eða ef þú vilt andmæla vinnslu okkar, munum við kanna hvort hægt sé að verða við því og bregðast við beiðni þinni eins fljótt og mögulegt er og allt einu innan mánaðar frá því að við fengum staðfest að þú hefðir borið upp slíka beiðni.

Réttindin þín

- *Réttur til að sjá persónuupplýsingar (aðgangsréttur):* Þú átt rétt á aðgangi að þeim persónuupplýsingum sem við vinnum með um þig og margar aðrar upplýsingar.

- *Réttur til leiðréttingar (breytingar):* Ef þú telur að persónuupplýsingar sem við vinnum með um þig séu ónákvæmar átt þú rétt á að þær verði leiðréttar. Vinsamlegast hafðu samband við okkur og segðu okkur frá því í hverju ónákvæmnin er fólgin og á hvaða veg megi lagfæra upplýsingarnar. Við munum þurfa að taka afstöðu til þess hvort við teljum að beiðni þín sé réttlæt看anleg. Þegar þú hefur samband við okkur til að óska eftir að persónuupplýsingum um þig verði breytt eða eytt munum við kanna hvort beiðnin uppfylli viðeigandi skilyrði og ef svo er munum við breyta eða eyða upplýsingunum eins fljótt og unnt er.
- *Réttur til eyðingar:* Við eyðum jafnan persónuupplýsingum þegar þeirra er ekki lengur þörf. Við sérstakar aðstæður átt þú rétt á að við eyðum upplýsingum áður en almennt viðmiðunartímamark okkar fyrir eyðingu er runnið upp. Þetta á við er, til dæmis, þú afturkallar samþykki þitt fyrir vinnslu og engin önnur vinnsluheimild er fyrir viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga. Ef þú telur að persónuupplýsinga þinna sé ekki lengur þörf í þeim tilgangi sem þeirra var upphaflega aflað í getur þú óskað eftir að þeim verði eytt. Þú getur einnig haft samband við okkur ef þú telur að unnið sé með persónuupplýsingar þínar í trássi við sett lög eða aðrar réttarreglur.
- *Réttur til takmörkunar vinnslu:* Ef þú hefur uppi ágreining um vinnslu okkar á persónuupplýsingum um þig getur þú jafnframt óskað eftir því að við takmörkum vinnsluna þar til tækifæri hefur gefist til að skera úr um réttmæti vinnslunnar. Þú getur einnig farið fram á takmörkun vinnslu ef þú telur vinnsluna ólögsmæta eða að við þurfum ekki lengur upplýsingarnar þínar eða ef þú telur að einkalífshagmunir þínir vegi þyngra en þeir lögsmætu hagsmunir ábyrgðaraðila sem vinnslan byggir á. Ef niðurstaðan verður sú að þú hafir haft rétt fyrir þér um að takmarka bæri viðkomandi vinnslu þá megum við í framtíðinni einungis vinna með upplýsingarnar á grundvelli samþykkis þíns; til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur; til að verja brýna hagsmuni einstaklings; eða vegna í þágu almannahagsmuna.
- *Réttur til að flytja eigin gögn (flutningsréttur):* Þú átt rétt á að fá persónuupplýsingar sem þú hefur gert okkur aðgengilegar og persónuupplýsingar sem við höfum safnað um þig annars staðar frá með þínu samþykki. Ef við vinnum með persónuupplýsingar um þig á grundvelli samnings við þig átt þú einnig rétt á fá þær upplýsingar. Þér er einnig heimilt að flytja þessar upplýsingar til annars þjónustuveitanda eða óska eftir því að við sendum þær beint til annars fyrirtækis eða stjórnvalds. Ef þú ákveður að nýta flutningsrétt þinn munum við afhenda persónuupplýsingar þínar á algengu og tölvulesanlegu sniði.
- *Réttur til andmæla:* Þú hefur rétt á að andmæla vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum. Þér er einnig heimilt að andmæla notkun eða miðlun okkar á persónuupplýsingum þínum í markaðstilgangi. Þú getur notað samskiptaupplýsingar okkar í upphafi þessarar persónuverndarstefnu til að senda okkur andmæli þín. Ef þau eru réttmæt munum við ganga úr skugga um að vinnslunni verði hætt.

- *Réttur til að fá að vita af vinnslu í nýjum tilgangi:* Ef við hyggjumst nýta persónuupplýsingar um þig í öðrum tilgangi en við höfum áður tilkynnt þér um, t. d. í þessari persónuverndarstefnu, þá átt þú rétt á að vera tilkynnt um það áður en við vinnum upplýsingarnar frekar í hinum nýja tilgangi.
- *Réttur til að afturkalla samþykki þitt:* Ef vinnsla okkar á persónuupplýsingum um þig byggir á samþykki þínu þá átt þú rétt á að afturkalla það samþykki hvenær sem er. Ef þú afturkallar samþykki þitt er okkur óheimilt að vinna frekar með persónuupplýsingarnar í þeim tilgangi. Afturköllun samþykkis þíns hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fer fram að afturköllun. Ef við höfum aðra vinnsluheimild en samþykki til að byggja vinnslu persónuupplýsinganna á – t.d. lagaskylda til vistunar gagna samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga – kann slík vinnsla samt sem áður fara fram.

Ef þú ert ekki sátt við viðbrögð okkar eða við þá vinnslu sem hefur átt sér stað með persónuupplýsingar þínar getur þú kvartað til Persónuverndar.

Þú finnur samskiptaupplýsingar Persónuverndar á vefsíðunni www.personuvernd.is.